

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 289 24. júní 1986, um sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Undanþegið gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari eru kartöflur og vörur unnar úr þeim, enda séu þær fluttar inn sem hráefni til innlendirar iðnaðarframleiðslu og fyrirsvarsmaður viðkomandi fyrirtækis lýsi því yfir á aðflutningskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu flutt inn til nota við framleiðslu fyrirtækisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986 um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. október 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 274 frá 29. ágúst 1974 um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Norðfjarðar.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 10. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðakstur til vöruflutninga á svæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðfjarðar, bæjarstjórnar Neskaupstaðar og hreppsnefndar Norðfjarðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.